

Nd.

657. Nefndarálit

um frv. til laga um innheimtu tekjuskatts og eignarskatts af vaxtafé.

Frá minni hluta fjárhagsnefndar.

Frv. er samið af mþn. í skatta- og tollamálum eftir beiðni fyrrv. fjnrh. og flutt af fjhn. Ed. Efni frv. er tæplega rétt skilgreint í nafni þess, því það er ekki aðeins um innheimtu tekju- og eignarskatts af vaxtafé, heldur er með því sköpuð leið til að leggja slíkan skatt, eftir sérstökum skattstiga, á vexti af innstæðufé, verðbréfum, skuldabréfum, vixlum og öðrum fjárkröfum, sem tryggðar eru að einhverju leyti með veði í fasteign eða á annan hátt og ekki hefir hér til verið lagður skattur á.

Að því leyti, sem ákvæði frv. taka til sparifjár og annars innstæðufjár, mundu þau, ef að lögum yrðu, draga úr viðleitni manna til að eignast sparifé. Væri það óheppilegt. Ber á það að líta, að sparifé verður að mjög miklu leyti til fyrir sparsemi og sjálfsafneitun og viðleitni til að tryggja framtíð sína og sinna, en verður jafnframt trygging fyrir þjóðfélagið.

Að því leyti er verðbréf snertir er það misskilningur, að kaupendur mundu greiða þennan skatt í raun og veru. Seljendurnir mundu greiða hann á þann hátt, að verðbréfin mundu falla í verði. Verðbréfamarkaðurinn hér á landi er ofhlaðinn síðan kreppubréfin flæddu yfir. Eins og nú standa sakir verður það að teljast misráðið að torvela enn verðbréfasölu hér á landi.

Alþingi það, sem nú situr, hefir með samþykkt laga um tollskrá enn lagt á þjóðina nýjar álögur, sem ætla má að nemi milljónum króna í venjulegu árferði. Að sönnu má með sterkum líkum telja, að ekki veiti af þeim tekjuauka til móts við útgjaldaþækkun þá, sem þinginu hefir þótt ráðlegt að samþykkja. En minni hluti fjhn. telur sér ekki fært að gjalda jákvæði við frekari skattheimtu og styðja með því þá stefnu, að hækka án afláts eyðslu þess opinbera og krefjast jafnlátlaust nýrra fórna af skattborgurunum.

Samkvæmt framansögðu leggur minni hlutinn til, að frumvarpið verði fellt.

Alþingi, 31. des. 1939.

Sigurður Kristjánsson.